


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2	<b>SMÍ1948</b>	
	<b>Námsáætlun vor 2016</b>	

<b>Kennari</b>	Kristín Petra Guðmundsdóttir	<b>Sk.st.</b>	K P G
----------------	------------------------------	---------------	-------

**Áfangalýsing:** Nemendum er kynnt almennt málmsmíðaverkstæði, hvað það inniheldur, sem og helstu umgengnis og öryggisreglur. Kennd er meðferð og notkun, helstu handverkfæra og einföldustu tækja til smíða, svo og algeng mælitæki, sem notuð eru í málmiðnaði. Farið er í undirstöðuatriði í lestri teikninga sem og önnur undirstöðu atriði í málmsmíði

**Áfangalýsing:** Nemendur kunni skil á öryggismálum og umhirðu þeirra véla og og verkfæra sem unnið er með. Farið er yfir grunnþætti í þunnplötusmíði, helstu verkfæri og vélar, þannig að neminn geti smíðað einfalda hluti.

Samhliða kennslunni fer fram fræðsla um slyshættu og öryggisþætti á vinnustað. Gerð er grein fyrir notkun acetylengass og súrefnis til málmstuðu og logskurðar. Allir hlutar logsuðutækja og notkunarvið þeirra yfirfarnir. Verklegar æfingar við lárétta og lóðrétta logsuðu á plötum.

Gerðir rafsuðuvéla kynntar, eiginleikar þeirra og notkunarvið. Farið rækilega í öryggisþætti varðandi rafsuðu og logsuðu.


**Markmið:** Að gefa nemendum kost á að kynnast málmliðnaði, vera undir aga og vinna.

**Námsgögn:** Í smíðahlutanum fer fram í byrjun ákveðin kynningarvinna á mælitækjum, handverkfærum og vélum. Farið er vel yfir öll öryggisatriði. Teiknilestur kenndur og farið yfir teikningar af verkefni sem þeim er ætlað að vinna, en það er verkfærataska.

Í suðuhlutanum er farið vel yfir allan búnað er viðkemur suðu og þá sérstaklega logsuðu. Allur öryggisbúnaður rækilega kynntur mjög vel gert grein fyrir þeim hættum sem geta verið samfara suðu. Ákveðin verkefni frá kennara sem þarf að skila fyrir annarlok eru síðan kynnt eitt af öðru, eftir því sem á líður.

Málmsmíði. Kennslubók frá IÐNÚ. Útg.2011.

**Áætlun um yfirferð:** Hver nemandi vinnur að verkefnum sínum eftir því sem vélar og verkfæri leyfa og dreifist það þannig að nemendur vinna mismunandi verkþætti í hverri viku. Því er ekki hægt að gefa upp nákvæma vikuáætlun.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2	<b>SMÍ1948</b>	<b>Námsáætlun vor 2016</b>

### Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Frammistaða á önn	Mat á vetrarstarfi	100%

### Við mat á vetrarstarfi er sérstaklega tekið tillit til eftirfarandi atriða:

- Heildarmat á frágengnu verkefni
- Verkefnisframkvæmd og nákvæmni
- Frágangur og uppsetning
- Ástundun og verkefnaskil
- Umgengni um verkfæri og vinnustað

### Annað:

- Símar og tónlistaspilarar eru bannaðir í kennslustundum sbr. skólareglur.
- Í upphafi tíma er gjarnan farið yfir verkefni dagsins og aðra mikilvæga þætti viðkomandi náminu. Það er því áriðandi að nemandi mæti á réttum tíma svo komast megi hjá óþarfa endurtekningum.
- Ef nemandi yfirgefur verkstæði áður en tiltekt lýkur eða tekur ekki þátt í frágangi fær hann F (fjarvist) fyrir síðustu kennslustund.
- Eins og fram kemur í markmiðum áfangans er lögð rík áhersla á að nemandi tileinki sér, öryggismál vinnustaðarins, stundvísi, snyrtimennsku, góða umgengni og almenna háttvísi. Með tilliti til þessara þátta er settur upp einn dagur á önn svokallaður "tuskudagur" þar sem hver áfangi tekur þátt í að þrifa vélar, tæki og verkstæði.

Dagsetning: 05.01 2016.

Christinn Póli Höfundur 5.1.2016